

BJARNI GUÐMUNDSSON



Gömlu staðarhúsin á Hvanneyri

– brot úr sögu íslenskrar byggingalistar

Áskell Þórisson tók allar myndirnar með greininni.

Þótt komið væri fram undir lok nítjándu aldar var fátt farið að breytast í borgfirskum byggingastíl – frekar en í öðrum sveitum. Ein og ein kirkja gerð úr timbri, sama átti við íbúðarhús og hlöður á nokkrum bæjum, og fyrstu tilraunir með nýmóðins steinbyggingar höfðu verið gerðar, m.a. í Hvítanesi og Sveinatungu. Annars voru það hin lágreistu hús með vallgrónum veggjum og missskorpnuðum torfbökum sem áttu sviðið. Byggingarefnin torf og grjót voru flestum enn nærtækust. En þjóðin var að byrja að bylta sér. Ný hugsun kveikti eldmóð heimastjórnar og erlendir straumar tóku að blanda sér í lygnu íslensks þjóðlífs meira en áður hafði gerst. Margt komst á hverfanda hvel.

Einhvern daginn, líklega síðsumars árið 1900, hafa Hvanneyrarkýr orðið hissa, því þá var þeim beint inn í nýtt fjós úr steini, reist að nýjustu kröfum. Árið eftir var fjósið stækkað til stórra muna svo góð hefur fyrsta reynslan orðið. Að útveggjum stendur þetta hús enn og er ágætt vitni um innreið nýrra byggingarháttá í sveitir landsins um fyrri aldamót. En þetta var ekki fyrsta umbótatilraun á byggingarsviði hins unga búnaðarskóla er stofnaður hafði verið vorið 1889 og má



Hvanneyrarkirkja (1905).

segja að verið hafi fyrsta opinbera stofnun héraðsins, ef frá eru talin einmenningsembætti svo sem presta, sýslumanns og læknis.

Útihús á staðnum höfðu verið reist úr timbri, líka Skemman, sú sem enn stendur, orðin 112 ára gömul. Eldur grandaði skólahúsum á Hvanneyri aðfaranótt 3. október 1902, Búnaðarskólahúsinu frá 1889 og Mjólkurskólahúsinu frá 1902. Hvort tveggja voru járnklædd timburhús. Rætt var um að flytja Búnaðarskólann til Reykjavíkur en þangað fór Mjólkurskólinn þótt síðan færi að Hvítárvöllum. En haustið 1904 stóð nýtt skólahús fullbyggt á grunni hins gamla: Steinlímdur var kjallarinn og síðan tvær hæðir úr timbri, járnvarðar: Glæsibygging sem varð eldi að bráð þrettán árum seinna, 1917. Við getum þó fengið nokkra hugmynd um gerð hússins, því hún minnti af lýsingu töluvert á búnaðarskólahúsið sem enn stendur vestur í Ólafsdal og var byggt árið 1895.

Mannvirkin í Hvanneyrarhverfinu, eins og það mun þá hafa verið kallað, sáust lengra að en áður og gerð þeirra og litir tóku að setja nýjan svip á héraðsmyndina. Hægt og sígandi var byggingalist nýrrar aldar að mótast. Til sögunnar kom líka ný stétt byggingamanna – við köllum þá arkitekta í dag þótt áður væri gjarnan talað um húsa-meistara. Tekið var að leggja meiri vinnu en áður í að hanna form nýrra



Séð til austurs á Hvanneyri: Næstur er Gamli skólinn (1910) en að baki honum Íbúðarhús (1920), reist á grunni skólahússins sem brann 1917. Saman skýla húsin skruðgarðinum fyrir norðlægum áttum. Lengra sér til Hvanneyrarkirkju (1905) og Halldórsfjöss, en á milli þeirra sést til steinfjössins (1900) – undir vinstri burstinni.

bygginga með þeim hætti sem hafði verið gert svo öldum skipti meðal nálægra menningarþjóða. Horfið var frá hinum fornu byggingaháttum sem mótast höfðu allt frá tímum skálanna fornu til burstabæjanna.

Á síðari árum hafa heitar deilur orðið um varðveislu byggingararfsins. Þykir sumum að við Íslendingar höfum verið heldur kærulausir um þann þátt þjóðmenningarinnar. Umræðan hefur frekast beinst að þéttbýlinu enda elstu „útlendu“ húsin þar. En minjar byggingarlistarinnar er einnig að finna í dreifbýli. Með stuttri gönguferð um *Gamla staðinn* á Hvanneyri getum við séð nokkur dæmi um hana eins og nú verður rakið með skírskotun til meðfylgjandi mynda.

Þegar sveigt er af heimreiðinni til vinstri í suðurátt eftir ásnum og inn á gamla Hvanneyrarhlaðið höfum við steinfjósið áður nefnda frá fyrri aldamótum á vinstri hönd. Á hægri hönd höfum við hins vegar hlöðu Hvanneyrarfjössins sem byggt var á árunum 1928-29 og frægt varð á stjórnartíð Tryggva Þórhallssonar forsætisráðherra og raunar um stund sóknarprests Hvanneyrarkirkju. Ýmsum þótti fjósið,



Hvanneyrarkirkja (1905) og fjær henni Íbúðarhúsið (1920). Til hægri sést Gamli skólinn (1910).

sem rúmaði 80 kýr, fokdýrt spandelsi, en hins vegar lukkaðist það svo vel að Kristján Danakonungur tíundi skoðaði það sérstaklega á Borgarfjarðarreisu sinni Alþingishátíðarárið. Fjósið varð fyrirmynd urmuls fjósa um allt land, og naut Thor Jensen stórbóndi þess líka að hluta er hann reisti sér fjós á Korpúlfsstöðum. Ef til vill mátti þakka þetta og fleira góðri hönnun. Það var nefnilega Guðjón Samúelsson, sjálfur húsameistari ríkisins, sem teiknaði fjósið (... nokkrum árum síðar teiknaði Guðjón Mjólkursamlagshúsið í Borgarnesi svo hér liggja þéttir þrædir nýsköpunar í mjólkurframleiðslu og vinnslu um héraðið sem vel má minnst...). Þá voru efni til þess að vanda byggingar, líka hvað útlit snerti. Í byggingasögu sveitanna voru nýir tímar að renna upp með tilkomu steinsteypunnar. Og enn stendur fjósbyggingin hans Guðjóns reisuleg og svípmikil, og bíður þess að hýsa kjarna Landbúnaðarsafns Íslands. Hún er nú kölluð Halldórsfjós til heiðurs Halldóri Vilhjálmsyni skólastjóra sem stóð fyrir byggingu hennar.

En svo opnast hlaðið og fram og ögn til hægri blasir Hvanneyrarkirkja við og myndar sjálfan kjarna *Gamla staðarins*. Það var hann Rögnvaldur Ólafsson, sem oft er nefndur fyrsti húsameistarinn, er fenginn var til þess að teikna kirkju fyrir Suðuramtið, er átti stað



Íbúðarhúsið (skólastjóraráhúsið á Hvanneyri, 1920). Veittið athygli gerð húshornanna. Var Guðjón húsameistari þar að líka eftir torfbæjarvegg?

og skóla, eftir að sú gamla, sem stóð á Kirkjuhólnum þar sem hæst bar, hafði fokið einn óveðursdag haustið 1902. Sóknarmenn vildu ekki reisa nýja kirkju en Amtið lét undan og varði kr. 4.841,54 til byggingarinnar er vígð var árið 1905. Því stendur nú þarna víst eina háskóla-kirkjan á Íslandi og vottar um hreinan og fágaðan stíl Rögnvaldar húsameistara er glöggt má greina á fleiri guðshúsum í byggðum landsins.

Sé haldið suður fyrir Hvanneyrarkirkju blasa skólahúsin gömlu við gestum: Nær og með sömu mænisstefnu og kirkjan stendur Skólastjóraráhúsið (Íbúðarhúsið) sem reist var árið 1920 í kjölfar stórbrunnans árið 1917. Húsið teiknaði Guðjón Samúelsson. Við sjáum stíl hússins ekki almennilega nema ganga spöl suðvestur fyrir *Gamla staðinn*. Sjálft meginform byggingarinnar minnir ögn á Bessastaðastofu. Stór kvistur á suðurhlið gefur henni léttan en þó virðulegan svip. Athygli vekur strikamynstur á hverju horni hússins. Hvort meistari Guðjón hefur þar verið að líkja eftir vegghleðslum gömlu torfbæjanna er óvíst, en tilraunir gerði hann með stílfærslu torfbæjaformsins, svo sem alþekkt er, sbr. Héraðsskólann á Laugarvatni.

Hornrétt á gamla íbúðarhúsið og nokkru vestar (neðar) stendur



Halldórsfjós á Hvanneyri (1928-29; hlaðan nær.

heimavistarhús Bændaskólans sem reist var árið 1910. Höfundur þess er Rögnvaldur Ólafsson húsameistari. Það átti sér hliðstæður, m.a. í húsi Kvennaskólans á Blönduósi, og fylgdi hvað innri skipan snerti formi þess tíma: Mötuneyti og þjónusturými í kjallara, rúmgóðar og bjartar kennslustofur á aðalhæð og síðan herbergi nemenda á hæð og í risi þar fyrir ofan. Má ímynda sér hve glæsilegt þetta hús var er það stóð nýreist fyrir nær einni öld því enn fangar það augað langt að og minnir á hið stílhreina handbragð brautryðjandans Rögnvaldar Ólafssonar.

Aldamótamennirnir áttu sér draum um eflingu trjáræktar, skrudgarðyrkju – já, jarðræktar í víðum skilningi. Vitni um hann ber garðurinn sem húsin tvö afmarka, þau er síðast voru nefnd. Hvort ítalskir skrautgarðar ellegar Versalagarðurinn frægi eiga hér einhvern hugmyndahátt skal ósagt látið. Ræturnar voru allavega evrópskar og draumurinn sá að færa einnig hluta gróinnar garðameningar þaðan heim til vindsorfinnar íslenskrar sveitar.

Þá eigum við aðeins tvö hús óskoðuð úr húsasafninu á Hvanneyri að þessu sinni: Leikfimi húsið, sem stendur sunnan við skrudgarðinn, reist árið 1911, teiknaði Einar Erlendsson húsameistari. Hann hefur staðið í nokkrum skugga hinna meistaranna tveggja, Rögnvaldar og



Skemman – elsta húsið á Hvanneyri, byggt árið 1896.

Guðjóns. Teiknaði þó aðrar merkar byggingar svo sem Gamla bíó í Reykjavík. Suðurhlið Leikfímihússins var þéttsett gluggum sem náðu frá gólfi til lofts. Þannig skyldi sólin ná að leika um gólf hússins og sótt-hreinsa það. Gluggarnir hvíla nú á bak við bráðabirgðaklæðningu og bíða þess að stíga fram við endurgerð hússins og ljá því upphaflegan stíl og þokka.

Leikfímihúsið á Hvanneyri var lengi eitt stærsta samkomuhús hér-aðsins og víðfrægt fyrir vetrarsamkomur. Það er líklega elsta leikfímihús landsins sem enn þjónar upphaflegum tilgangi sínum. Úr Leikfímihúsinu barst m.a. þjóðdansakunnátta og önnur dansmennt víða um land og rætur fjölmargra traustra hjónabanda rekja sig þangað, en það er önnur saga. Byggingin geymir m.a. í formi sínu áhrif dönsku lýðháskólanna og gamla Grundtvigs á alþýðumenntun ungmenna á fyrstu árum síðustu aldar.

Við austurgafli Leikfímihússins stendur svo elsta byggingin í húsa-safninu á Hvanneyri, Skemman áður nefnda, frá árinu 1896, reist „þar sem ekki mátti lengur nota gömlu kirkjuna fyrir geymslu.“ Timbur í burðarvirki og klæðningu veggja en járn á þaki. Ekki er mér kunnugt um hver sagði fyrir um byggingu hússins. Fyrir nokkrum árum var húsið endurgerð skv. ráðum kunnáttumanna Húsafriðunarnefndar.

Þótt húsið sé í dag um margt fjarri sinni upphaflegu gerð er stíll þess færður að gerð jafnaldra húsa sem hærra stóðu í virðingarröð en skemma.

Snemma á 20. öld mótaðist sá litarháttur sem einkennt hefur gömlu húsin á Hvanneyri: hinn rauði og hvíti að ógleymdum þeim græna á körmum, gluggapóstum o.v.). Þegar sumarið 1943 vakti hann athygli skáldbóndans Guðmundar Inga Kristjánssonar er þá sagði í kvæði sínu *Jónsmessunótt á Hvanneyri*:

*Jónsmessunótt yfir sveitir og sæinn
ber sólroðið, töfrandi glit.
Grasið í Kinninni bylgjast í blænum
og blaktir á Hvanneyrarfit.
Þakrauð og hvítveggjuð steinhúsin standa,
stafar á blikandi fjörð.
Sjá! Hér er tign, hér er unaður yfir
auðugri, brosandí jörð ...*

Húsbændur á Hvanneyri hafa lagt áherslu á að vernda hús *Gamla staðarins*. Við endurbætur húsanna hefur því verið tekið mið af upphaflegri gerð þeirra og sjónarmiðum húsafríðunar. Hins sama er gætt við nýtt skipulag svæðisins sem nú er unnið að.

Staðsetning gömlu húsanna á Hvanneyri og hvernig skipulag þeirra þróaðist með nýjum byggingum á sér nær enga hliðstæðu hérlendis. Rýmismyndun þeirra er sterk og skipulagið líkist um sumt formi danskra stórbýla. Jafnframt sýna þau tilraunir húsameistaranna til þess að skapa nýjan íslenskan byggingarstíl – að finna nýjum húsagerðarhugmyndum og nýjum byggingarefnum form í íslensku umhverfi.

Það er ástæða til þess að vekja athygli lesenda á þeim þætti í nýsköpun íslenskrar byggingarsögu er varð á framanverðri tuttugustu öld og húsameistaranna sem hvað helst stóðu að henni, og njóta má með stuttri gönguferð um *Gamla staðinn* á Hvanneyri. Öllu athyglisverðara dæmasafn um þennan söguþátt er sennilega ekki að finna í sveit á Íslandi.